



Umsókn um styrk

Umsækjandi:

Nafn:	Leikhópurinn Draumasmiðjan	Kennitala:	5904942169
Netfang:	margret@draumasmidjan.is	Sími:	8242525
Styrkur:	Menningarstyrkur		

Forsvarsmáður:

Nafn:	Leikhópurinn Draumasmiðjan	Kennitala:	5904942169
Netfang:	margret@draumasmidjan.is	Sími:	8242525

Tilfni umsóknar, stutt lýsing:

?Elskuleg móðir okkar?fjallar um tvær systur sem hittast á fundi hjá presti til að undirbúa jarðarför móður þeirra. Önnur systirin er heyrnarlaus (hér eftir verður notað hugtakið döff fyrir heyrnarlaus þar sem döff hefur einnig mál og menningarlega tilvísun) og talar takmarkað raddmál, en hin er heyrandi og talar takmarkað táknmál svo samskipti þeirra hafa hingað til verið varalestur og handapat, með tilheyrandi misskilningi og perringi. Sú sem er döff var í heyrnleysingjaskólanum frá 3 ára aldri en kom í fríum, en sú sem er heyrandi ólst upp hjá móður sinni og afa mestan hluta æsku sinnar. Systurnar hafa ekki haft mikil samskipti í langan tíma. Á fundinum er einnig túlkur sem þýðir að þær systur geta nú í fyrsta skipti talað saman á jafnréttisgrundvelli og þá koma ýmis málefni upp á yfirborðið sem þær systur þurfa að ræða og útkljá. Það kemur t.d. í ljós að móðir þeirra var stelsjúk og notaði gjarnan döff systurina til að stela fyrir sig en sú heyrandi hafði ekki hugmynd um þessa hlið móðurinnar. Einnig kemur í ljós að báðar systurnar hafa sætt kynferðislegu ofbeldi og misnotkun sem börn, sú sem er döff varð fyrir misnotkun á heimavist heyrnleysingjaskólans en hin af hendi afa síns. Móðirin vissi um misnotkun eldri systurinnar en ekki af misnotkun þeirrar yngri. Móðirin hafði ekki kjark í að stoppa föður sinn af en reyndi að bæta dóttur sinni það upp á annan hátt, t.d. með gjöfum sem sú yngri hafði að mestu stolið fyrir móður sína. Þær systur hafa unnið afar ólíkt úr þessari reynslu sinni. Döff hefur farið í gegnum mikla sjálfsskoðun og sjálfsefingu og stendur eftir sem sterkur einstaklingur með skýra sjálfsmýnd en sú heyrandi hefur sótt sinn styrk í trúna og er afar virkur þátttakandi í einum að sértrúarsöfnuðum landsins en hefur ekki rætt ofbeldi við neinn. Einnig kemur í ljós að döff systirin er lesbisk og á von á barni með kærustu sinn, sem fer vægast sagt ekki vel í trúaða systur hennar. Kynferðislegt ofbeldi og misnotkun er alvarlegt mein innan döff samfélagsins en það hefur hins vegar lengi verið mikið tabú að ræða þau mál. Markmið þeirra sem að sýningunni standa er að opna umræðuna fyrir kynferðislegt ofbeldi og þá sérstaklega inna döff samfélagsins, með því að fjalla um það, skoða ólíkar leiðir þeirra systra til að vinna úr ofbeldinu og hvað þöggunin hefur eyðilagt mikið í þeirra lífi. Valin verður sú leið að setja efnið fram á spaugilegan hátt, sjá það fyndna í aðstæðunum til að auðvelda áhorfendum að meðtaka verkið sem eins og áður hefur komið fram, fjallar um ýmis erfið málefni s.s. misnotkun, ástleysi, höfnun og hörku. Alvarleikinn verður þó aldrei langt undan og verður lagt upp með einlægni í leik, dýpt í tilfinningum og raunverulegar aðstæður, þó vissulega séu þær oft á tíðum óvenjulegar. Listrænt gildi sýningarinnar fer auðvitað mest eftir því hver metur hana og hvort sá er heyrandi eða döff. Sem dæmi má nefna skapandi leiðir til að vinna með tvö tungumál á sviði og blöndun ýmissa miðla s.s. leikhúss og kvikmyndunnar og ólíkra leiða leikhússins til frásagnar en atburðarrásin verður reglulega brotin upp með eintali hinnar látnu móður, til að fá hennar hlið á málunum. Verkið flokkast sem tvítyngt döff leikhús þar sem bæði er talað raddmál og táknmál. Verkið er nánast í fullri lengd en innri tími verksins er um klukkutími. Notast verður við kvikmyndir til að skapa hughrif og til að miðla minningum persónanna. Að hluta til er kvikmyndinni ætlað að virka sem sjálfstæð frásagnarleið og að hluta til sem sjónrænn áhrifagjafi, svipað og tónlist hefur fyrir heyrandi. Leikmyndin sjálf verður einföld og er einungis staðgengill raunveruleikans. Búningar eiga að vera raunverulegir og hæfa persónunum. Lýsingin tekur mið að því að táknmálið sjáist vel utan úr sal og að leikarar geti talað sín á milli á sviði (s.s. mikil og góð lýsing á andlit). Leikstjóri sýningarinnar er Björn Gunnlaugsson en hann var aðstoðarleikstjóri í ?Viðtalinu? og hefur sýnt einstaklega góðan skilning og innsæi í málefni döff auk þess að vera fagmenntaður leikstjóri. Helga Rún Pálsdóttir, leikmynda og búningahönnuður, hefur unnið með Draumasmiðjunni að mörgum sýningum og vill Draumasmiðjan gjarnan byggja það samstarf upp áfram. Jóhannes Bjarni Pálmason, ljósameistari, hefur þegar lýst tvær döff sýningar hjá Draumasmiðjunni og viljum við gjarnan byggja ofan á þá reynslu. Margrét Pétursdóttir mun leika heyrandi systurina. Margrét lærði leiklist á Experimental Theater Wing í New York University og hefur verið starfandi leikkona í mörg ár. Hún hefur einnig lokið BA gráðu í táknmálsfærði frá Háskóla Íslands. Hún skrifar einnig handritið. Elsa G. Björnsdóttir leikur Döff systurina (og er sjálf döff) en hún útskrifaðist af leiklistarbraut Kvikmyndaskóla Íslands 2010 en hefur þó starfað í Döff leikhúsi allt frá árinu 2000 bæði heima og erlendis. Hún mun jafnframt sjá um þýðingu yfir á táknmál og um kvikmyndatöku og vinnslu. Ástbjörg Rut Jónsdóttir er útskrifuð frá Fræði og framkvæmd hjá Listaháskóla Íslands, en einnig útskrifaður táknmálistúlkur frá Háskóla Íslands og er í hlutverki túlksins í sýningunni. Pétur Eggertz verður í hlutverki prestsins en hann lauk leiklistarnámi í Bretlandi á sínum tíma. Pétur er hér í fyrsta skipti að vinna í döff leikhúsi. Soffía Jakobsdóttir leikur móðurina en hún útskrifaðist úr leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur 1967 og hefur starfað hjá Leikfélagi Reykjavíkur mestan sinn starfsaldur. Jón Gunnar Biering Margeirsson mun sjá um hljóðmynd fyrir sýninguna þar sem mið verður tekið að því að heyrnarlausir geti fundið og upplifað tónlistina/hljóðin. Sigríður Didda Aradóttir verður framkvæmdastjóri fyrir sýninguna en hún er menningarstjóri að mennt frá Háskólanum að Bifröst og er einn stofnenda menningarstjórnunarfyrtækisins Aura. Tímarammi verkefnisins skiptist í undirbúningstímabil

æfingatímabil, sýningatímabil og uppgjörstímabil. Undirbúningstímabil er frá 1 júlí til 27 júlí 2014 og felur í sér þýðingar yfir á táknmál, undirbúning leikstjóra og aðra hugmyndavinnu og hönnun listrænna stjórnenda. Handritið er þegar tilbúið þar sem Draumasmiðjan (á kennitöluna 430800-3370) fékk handritastyrk frá Leiklistarráði árið 2012 (Styrkurinn var veittur í gegnum fjárlaganefnd Alþingis. Æfingatímabilið verður 6 vikur og er frá 28 júlí til 6 september. Æft verður í húsnæði Dansverkstæðisins og í sal Félags heyrnarlausra til að byrja með en lokaspætturinn verður í Tjarnarbíói. Sýningatímabil er áætlað að standi yfir í 8 vikur og verður frá 6 september til loka október 2014. Sýningar verða í Tjarnarbíói. Gert er ráð fyrir 10 sýningum. Uppgjörstímabil er ráðgert í nóvember og desember 2014. Sjá nánari lýsingu í viðhengi

Upplýsingar um styrk:

Styrkuppþæð:	1000000
Kostnaðaráætlun:	27618000
Fylgir kostnaðaráætlun:	Já
Áður sótt um:	Nei
Var styrkur veittur:	Nei

Heiti verkefnis: **Elskuleg móðir okkar**
Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til:

Umfang verkefnis:

Sótt verður um til Leiklistarráðs til starfsemi atvinnuleikhópa, til Starfslaunasjóðs Listamanna, í Bjargarsjóð, til Reykjavíkurborgar í Landsbankann, Íslandsbanka, VÍS og VÍSA og til Kópavogsbæjar. Samtals að upphæð 22.568.000,-

Tekjur/aðgangseyrir: **3600000**

Aðrar upplýsingar:

Sótt verður um kostun að upphæð 350.000,- og eigin fjármögnun er að upphæð 100.000,- í formi skrifstofu og notkun tækja.

Fylgiskjöl:

attachments

Mál:

Málsnúmer:

1309493

Stofnað:

23.9.2013 09:20:18